

**Kennari:**  
Haukur Hilmarsson

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verklegt nám í smíðjutvennd

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
4. bekkur

## Hönnun og smíði

Hönnun og smíði sem námsgrein á sér langa sögu. Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfu einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Auk þess er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám. Námsgreinin byggir því í senn á rótgrónum handverkshefðum og almennum áherslum um uppeldi og menntun. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómsundur eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna umhverfinu nærgætni og virðingu.

Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt sem hjálpar nemandanum að skilja merkingu hugtakanna.

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokkka, handverk, hönnun og tækni, og umhverfi, og eru þeir megináherslusvið greinarinnar. Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis.

Lögð er áhersla á að nemendur læri rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki hugtakið vinnuvernd.

## Hönnun og smíði

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur geti:</i>	Leiðir:
Hönnun, smíði og samsetning	Efni af vef Ýmsar handbækur og blöð	<ul style="list-style-type: none"> <li>– valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt</li> <li>– gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með</li> <li>– unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit</li> <li>– framkvæmt einfaldar samsetningar</li> <li>– sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.</li> <li>– beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar</li> <li>– dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar</li> </ul>	<p>Sýnikennsla í hópi</p> <p>Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu</p> <p>Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín</p>
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		